

Alþingi

Erindi nr. D 116 12026

komudagur 20/10 1993

Frú Sólveig Pétursdóttir alþm.,

Form. allsherjarnefndar alþingis,

Alþingi,

150 Reykjavík.

Seltjarnarnesi, 11. október 1993.

Ég undirrituð leyfi mér að vekja athygli háttvirtrar allsherjarnefndar alþingis á þeirri verulegu mismunun, sem 8. gr. laga nr. 50/1993, skaðabótalaga, býr mikið slösudum börnum og unglingum, og er brot á meginreglu íslensks réttar um jafnrétti.

8. gr. nefndra laga stórbreytti til batnaðar hag þeirra bótaþega, sem þar getur. Með því að staðla skaðabætur skv. 8. gr. n.l. viðurkenndi löggjafinn, að börn og ungmenni og aðrir, er nýta vinnugetu sína annars staðar en á almennum vinnumarkaði, hafi fengið allt of lágar skaðabætur fyrir gildistöku laganna og að viðhorf dómstóla í þeim efnum hafi verið úrelt. Þetta raun-sæja og mannlega viðhorf löggjafans ber að virða.

En jafn vel og til hefur tekist að þessu leyti, þá felur einskorðuð dagsetning hinn 1. júlí 1993 í sér brot á jafnrétti þeirra, sem slösudust fyrir 1. júlí 1993 og hinna, sem slösudust eftir þann tíma. Við uppgjör á skaðabótum þessara einstaklinga getur orðið allt að því 13 milljóna króna munur, ef ororka þeirra er metin algjör. Hér er því um að ræða ríka hagsmuni, en miklu fremur slíkt brot á jafnrétti, að það hlýtur að særa samvisku hvers hugsandi manns. Ef hagsmunaaðiljar vilja hér í móti tefla tali um afturvirkni laga, þá eru fjölmörg dæmi um afturvirkni í íslenski löggjöf, og verða þau ekki talin ósamþýðanleg stjórnarskrá.

Þau börn og ungmenni, sem mikið slösudust fyrir 1. júlí 1993 og enn eiga óuppgerðar skaðabætur, eru ekki mörg. Réttur þeirra til mannsæmandi lífs og réttlætis er ríkari en þröng, peningaleg sjónarmið þeirra, sem byggja afkomu sína á tryggingarekstri og það lagalega þrátefli, sem risa kann af þeim þröngu sjónarmiðum.

Sem foreldri mikið slasaðs barns, sem nú lifir í skugga mismununar og óréttlætis, og sem þegn, er aðra þekkir í sama skugga, þá skora ég á háttvirta allsherjarnefnd, að endurskoða nú þegar lög nr. 50/1993 í ljósi framangreinds og leggja fram frumvarp til laga, sem bæti við 8. gr. nefndra laga 5. mgr. svohljóðandi: "Þau börn og ungmenni er hlotið hafa meira en 50% ororku vegna slysa og slösudust fyrir 1. júlí 1993 og áttu óuppgerðar skaðabætur við gildistöku laga þessara, fái skaðabætur uppgerðar skv. þeim. "

Virðingarfyllt,

*Audur Guðjónsdóttir*

Audur Guðjónsdóttir, hjúkrunarfræðingur

Nesbala 56, 170 Seltjarnarnesi.

Samrit sent: Nefndarmönnum allsherjarnefndar og dómsmálaráðherra.